

FRUMVARP AÐ NAUÐASAMNINGI
fyrir Sparisjóð Mýrasýslu, kt. 610269-5409,
Digranesgötu 2, Borgarnesi

1. Greiðsluhlutfall

Lánardrottnum sem fara með sammingskröfur, öðrum en þeim sem eiga víkjandi lán sem falla undir 4. tl. 1. mgr. 114. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., er boðin greiðsla á 67,6% krafna sinna eins og þær standa þegar héraðsdómur heimilar nauða-sammingsumleitanir samkvæmt frumvarpi þessu.

2. Form greiðslna af sammingskröfum, gjalddagi og vextir

Lánardrottnum sem fara með sammingskröfur skv. 29. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., er boðin eftirfarandi greiðsla á kröfum sínum eins og þær standa á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild til að leita nauðasamnings:

- (i) að 11,3% af kröfunni verði greidd með hlutabréfum í Nýja Kaupþing banka hf, kt. 581008-0150, („NKB“). Hlutdeild kröfunnar í útgefnu hlutafé NKB ákveðst sem hlutfall hennar af kr. 72.000.000.000 en nafnverð og þar með gengi bréffanna ræðst að skiptingu eiginfjár milli útgefins hlutafjár annars vegar og yfirverðsreiknings hlutafjár hins vegar¹. Hlutabréf samkvæmt ákvæði þessu skulu afhent fyrir 31.12.2009. Hafi þau ekki verið afhent á þeim degi skal krafa samkvæmt þessum lið umbreytast í peningakröfu, þannig að 11,3% greiðist í peningum í stað hlutabréfa. Skal fjárfrafa sem þannig verður til vera greidd að fullu í einu lagi þann 31.1.2010 (gjaldldagi). Krafa þessi ber ekki vexti.
- (ii) að 3,1% af kröfunni verði greidd með peningagreiðslu sem skal innt af hendi 30 dögum eftir að nauðasamningur hefur verið staðfestur og
- (iii) að 53,2% kröfunni gerði greidd með skuldabréfi útgefnu af NKB til 9 ára frá staðfestingu nauðasamnings að telja. Skuldabréfið skal vera afborgunarlaust fyrstu 2 árin en eftir það með afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 30 mánuðum eftir að nauðasamningur hefur verið staðfestur af Héraðsdómi Vesturlands (staðfesting nauðasamnings). Skuldabréfið skal gefið út í sömu mynt eða myntum og sú krafa sem það fer til greiðslu á er í. Vextir af skuldabréfinu reiknast frá þeim degi sem nauðasamningur er staðfestur af Héraðsdómi Vesturlands. Vextir skulu greiðast á 6 mánaða fresti í fyrsta sinn 6 mánuðum frá staðfestingu nauðasamnings. Vextir af skuldabréfinu skulu taka mið af millibankavöxtum vegna 6 mánaða lána viðkomandi myntar, þannig að skuldabréf sem gefið er út í evrum skal taka mið af EURIBOR vöxtum, skuldabréf sem gefin eru út í íslenskum krónum skulu taka mið af REIBOR vöxtum, skuldabréf í

¹ Eigið fé NKB nemur nú kr. 72.000.000.000 og er það sú fjárhæð sem lögð er til grundvallar við útreikning á þeim eignarhlut sem kröfuhafar SPM fá í NKB fyrir kröfur sínar. Nafnverð hlutafjár og þar með gengi hluta sem gefin verða út til kröfuhafa SPM mun hins vegar ráðast af skiptingu eiginfjár milli útgefins hlutafjár annars vegar og yfirverðsreiknings hlutafjár hins vegar við útgáfu bréffanna. Sem stendur skiptist eigið fé þannig að skráð hlutafé í NKB er kr. 12.645.833.333 en á yfirverðsreikningi kr. 59.354.166.667. Meðalgengi útgefins hlutafjár í NKB er því nú 5,694 á hvern nafnverðshlut.

dönskum krónum taka mið af CIBOR vöxtum o.s.frv. og til viðbótar viðeigandi millibankavöxtum skal koma 1% álag. Skuldabréfið verður uppgreiðanlegt án uppgreiðslugjalds á vaxtagjalddögum. Skuldabréf samkvæmt ákvæði þessu skulu gefin út og standa kröfuhöfum til reiðu hjá NKB innan 30 daga frá staðfestingu nauðasamnings. Krafa kröfuhafa samkvæmt lið þessum á hendur NKB verður til við staðfestingu nauðasamnings og er óháð útgáfu skuldabréfsins. Dráttur eða vanefndir á útgáfu eða afhendingu skuldabréfa raska því ekki kröfu kröfuhafa skv. þessum lið eftir staðfestingu nauðasamnings.

Kröfur til og með kr. 1.000.000 greiðast að fullu með peningum og kröfur frá 1.000.001 til 2.000.000 greiðast að 68,5% hlut með peningum en þó aldrei með lægri fjárhæð en kr. 1.000.000 vegna hvers kröfuhafa. Peningagreiðsla samkvæmt þessum lið skal innt af hendi 30 dögum eftir að nauðasamningur hefur verið staðfestur (gjaldalagi).

Samningskröfur samkvæmt frumvarpinu bera ekki vexti.

3. Meðferð á kröfum í erlendri mynt

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. skulu kröfur í erlendum gjaldmiðlum færðar yfir í íslenskar krónur á skráðu sölugengi á þeim degi sem úrskurður um heimild til að leita nauðasamnings gekk. Verður hér miðað við skráð sölugengi Seðlabanka Íslands.

Réttur lánardrottna, sem eiga kröfur í erlendri mynt, til greiðslu skv. ákvæðum 2. greinar frumvarps þessa, mun því miðast við fjárhæð krafna þeirra umreiknuðum í íslenskar krónur samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 30. gr. laga nr. 21/1991.

Lánardrottnar sem eiga kröfur í erlendri mynt geta óskað eftir því, á gjalddaga greiðslunnar, að fá greiðslu skv. lið (ii) í A lið 2. greinar í þeirri mynt eða myntum sem krafa þeirra var upphaflega í. Er þá réttur þeirra til greiðslu reiknaður aftur yfir í erlenda mynt á sölugengi Seðlabanka Íslands á viðkomandi mynt eða myntum á gjalddaga greiðslunnar.

Lánardrottnar sem eiga kröfur í erlendri mynt fá afhent skuldabréf samkvæmt lið (iii) í A lið 2. greinar í þeirri mynt eða myntum sem krafa þeirra var upphaflega í. Er þá fjárhæð skuldabréfsins reiknuð aftur yfir í erlenda mynt á sölugengi Seðlabanka Íslands á viðkomandi mynt eða myntum á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild til að leita nauðasamninga.

4. Vanefndir og trygging fyrir efndum

Verði vanskil á greiðslum samkvæmt nauðasamningi þessum ber hin vangreidda skuld dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá gjalddaga fram að greiðsludegi.

Trygging verður ekki veitt fyrir efndum framangreindra skuldbindinga.

Reykjavík, 13. október 2009,
f.h. bráðabirgðastjórnar Sparisjóðs Mýrasýslu,

Sigurður Arnalds, formaður